



Anna Guðjónsdóttir

Kæru félagsmenn HRFÍ

Anna Guðjónsdóttir heiti ég og hef setið í stjórn Hundaræktarfélags Íslands síðastliðin 4 ár, fyrst sem varamaður til tveggja ára og svo sem meðstjórnandi í aðalstjórn síðustu tvö ár. Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til áframhaldandi stjórnasetu í aðalstjórn félagsins. Síðustu fjögur ár í stjórn hafa verið áhugaverð og hefur stjórn komið að mörgum málum er varða velferð okkar besta vinar en þó eru ýmis mál sem þurfa frekari úrvinnslu og langar mig því að starfa áfram á þágu félagsins okkar.

Ég bý í dag í Borgarnesi ásamt hundunum mínum sem eru af tegundunum Chihuahua og Lhasa Apso og snýst hinn venjulegi dagur að stórum hluta um hundalífið. Ég hef verið dugleg að sækja sýningar félagsins ásamt hundunum mínum en einnig hef ég æft rally-hlýðni sem mér finnst mjög áhugaverð og skemmtilega leið í þjálfun. Chihuahua hefur verið mín tegund síðan árið 2006 og hlotnaðist mér sá heiður árið 2019 að verða einn af þremur meðræktendum af Himnaræktun sem hefur mátt fagna góðu gengi í gegnum tíðina. Ég er sjúkráþjálfari að mennt og var ég þeirrar gæfu njótandi að þegar ég hóf nám í Finnlandi kynntist ég mikið af virktum ræktendum og gáfu þau 10 ár sem ég bjó í Finnlandi mér mikla visku til þess að kynnast sýningum, ræktun og hinum ýmsu hlutum sem koma að félagsstarfi og öðru slíku.

Síðustu þrjú ár hef ég setið í sýningastjórn félagsins og síðan 2024 hef ég setið sem Formaður sýningastjórnar, samhliða sæti mínu í stjórn félagsins. Ég hef mikinn áhuga á sýningum félagsins ásamt því að bæta enn betur fræðslu til félagsmanna í hinum ýmsu málefnum er viðkoma ræktun. Á þessi sviði nýttist sjúkráþjálfamenntin mér vel þar sem ég hef góða reynslu af mannlegum samskiptum og mikla reynslu af teymisvinnu. Ég er jákvæð að eðlisfræði og brenn fyrir félagið okkar allra, ég veit að verkefni stjórnar eru fjölbreytt og því langar mig að halda áfram að leggja mitt að mörkum að gera gott félag ennþá betra.